

## **SAMNINGUR**

milli

Samtaka atvinnulífsins  
vegna Sementsverksmiðjunnar hf.

og

verkalýðsfélaga þeirra, sem talin eru í 1. kafla.

Að stofni til frá því í apríl 1984  
með áorðnum breytingum til 1. desember 2000.

Útgefandi SEMENTSVERKSMIÐJAN HF  
Apríl 2002

## EFNISYFIRLIT

1. KAFLI Aðilar samnings.  
Gildissvið
  
2. KAFLI Um vinnutíma, vinnuhlé o.fl.
  - 2.01.1-4. Tímaviðmiðun fastra launa.
  - 2.02.1-6. Matar- og kaffihlé dagvinnumanna.
  - 2.03.1-2. Matar og kaffitímar vaktavinnumanna.
  - 2.04. Reglubundin vaktavinna.
  - 2.05. Fleytitími.
  - 2.06.1. Stefna samninganna að því er varðar yfirvinnu.
  - 2.06.2. Hámark yfirvinnu.
  - 2.07. Yfirvinna.
  - 2.08. Yfir- og helgidagavinna.
  - 2.09. Ráðning í yfirvinnu.
  - 2.10. Útkall.
  - 2.11.1-10. Lágmarkshvöld.
  - 2.12. Breyting á vinnutímafyrikomulagi.
  - 2.13.1-2. Niðurfelling vakta.
  - 2.14. Kallvaktir.
  - 2.15.1-2. Tímabundin ráðning eða ráðning hluta úr starfi.
  - 2.16.1-2. Skráning vinnutíma.
  - 2.17. Skiptivinna.
  
3. KAFLI Laun.
  - 3.01.1-2. Mánaðarlaun. Greiðslur utan fastra launa.
  - 3.02. Launaflokkar.
  - 3.03.1-11. Röðun starfa í launaflokka.
  - 3.04.1-3. Starfsaldursálag.
  - 3.05. Laun fyrir hluta úr mánuði.
  - 3.06.1-3. Tilfærslur milli starfa, hvernig með skuli fara í launum.
  - 3.07.1-2. Yfirvinnukaup.
  - 3.08. Álag í reglubundinni vaktavinnu.
  - 3.09. Greiðsla fyrir kallvaktir.
  - 3.10.1-2. Flokkstjórnarálag.
  - 3.11.1-2. Verkstjórnarálag og vinnutími.
  - 3.12. Álag fyrir aðstoðarmenn í stjórnstöð.
  - 3.13. Desemberuppbót.
  - 3.14. Orlofskostnaðarframlag.
  - 3.15.1-4. Um lausráðna starfsmenn.

- 3.16. Frádráttur frá launum.
  - 3.17. Greiðsla fyrir vaktaskipti, ferða- og frágangstíma.
  - 3.18.1. Greiðsla í ofnstoppi.
  - 3.18.2-5. Kaupaukar
  - 3.19.1-3. Framleiðni- og þrifabónus.
4. KAFLI Um ráðningu og uppsagnarfrest.
- 4.01. Skriflegur ráðningarsamningur.
  - 4.02. Forgangsréttur til vinnu.
  - 4.03. Ráðningartími og uppsagnarfrestur.
  - 4.04.1-2. Fyrirvaralaus uppsögn.
5. KAFLI Um orlof.
- 5.01.1-3. Orlof fastráðinna starfsmanna.
  - 5.02. Orlofssjóðaframlag.
  - 5.03. Veikindi í orlofi.
  - 5.04.1-2. Launalaust leyfi.
6. KAFLI Veikinda-, slysa og barnsburðarlaun.
- 6.01.1-4. Laun í veikindum.
  - 6.02. Laun vegna slysa og atvinnusjúkdóma.
  - 6.03.1-3. Um læknisvottorð og tilkynningu veikinda.
  - 6.04. Greiðsla fyrir læknishjálp.
  - 6.05. Greiðslur vegna barnsburðar.
  - 6.06. Læknisskoðun.
  - 6.07. Sjúkrasjóðsframlag.
  - 6.08.1-7. Slysatryggingar.
7. KAFLI Iðgjaldagreiðslur.
- 7.01. Innheimta félagsgjalda.
  - 7.02. Lífeyrissjóðaiðgjöld.
8. KAFLI Almenn ákvæði.
- 8.01. Ferðir.
  - 8.02.1-6. Um öryggismál, hlífðarbúnað, vinnuföt, verkfæri og tjón á fatnaði og munum.
  - 8.03. Forföll starfsmanna.
  - 8.04. Greiðsla launa.
  - 8.05. Fæði.
  - 8.06. Hjúkrunargögn.
  - 8.07.1-12 Trúnaðarmenn.

- 8.08. Breytingar á rekstri og vinnutilhögun.
  - 8.09. Kynning samningsákvæða.
  - 8.10.1. Vinnustöðvanir.
  - 8.10.2. Vinnustöðvanir vegna uppsagðra samninga við verksmiðju.
  - 8.10.3. Samúðarvinnustöðvun.
9. KAFLI Gildistími og lokaákvæði.
- 9.01 Gildistími.
  - 9.02 Atkvæðagreiðsla og samþykkt samnings.

1. Kafli. Aðild.

Eftirtalin félög eru aðilar að samningi þessum:

Efling  
Félag Járniðnaðarmanna  
Rafiðnaðarsamband Íslands v/aðildarfélaga  
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

Verkalýðsfélag Akraness  
Sveinafélag málmíðnaðarmanna Akranesi  
Verzlunarmannafélag Akraness

Gildissvið:

Samningur þessi tekur til starfa við framleiðslu,  
viðhald og aðra þjónustu í Sementsverksmiðjunni hf.

2. Kafli Um vinnutíma, vinnuhlé o.fl.

- 2.01.01 Föst laun hvers starfsmanns samkvæmt samningi þessum svarar til þess að hann gegni starfi 40 stundir á viku. Virkur vinnutími dagvinnumanns er skemmri sem svarar kaffitímum samkvæmt samningnum.
- 2.01.02. Virkur dagvinnutími skal vera 37,08 stundir á viku, nema hjá skrifstofufólki 36,33 stundir, en virkur vinnutími vaktavinnumannna á reglubundnum vöktum allan sólarhringinn skal vera 36,0 stundir á viku.
- 2.01.03. Dagvinnumenn gegna störfum 8 stundir á dag, á Akranesi mánudaga til fimmtudaga, að frátöldum matartíma, kl. 07:45 - 16.00, og kl. 07.45 - 15.00 á föstudögum. Skrifstofumenn skulu þó gegna störfum frá kl. 08.00 - 16.15, mánudaga til fimmtudaga og kl. 08.00 - 15.15 á föstudögum. Í Reykjavík er dagvinnutími frá kl. 07.45 - 16.15, mánudaga til föstudaga. Heimilt er að breyta upphafs- og lokatíma daglegrar vinnu með samkomulagi verksmiðju og starfsmanna og staðfestingu hlutaðeigandi verkalýðsfélaga. Dagvinnumörk skulu vera á tímabilinu kl. 07.00 - 16.30, mánudaga til föstudaga.

- 2.01.04. Greiðsla fyrir fasta yfirvinnu dagvinnumanna er innifalin í grunnlaunum.
- 2.02.01. Miðað við dagvinnutíma kl. 07.45 - 16.15 skulu dagvinnu-  
menn hafa kaffihlé kl. 09.35 - 09.55 og matarhlé kl. 12.15 -  
12.45. Miðað við dagvinnutíma kl. 07.45 - 16.00 skulu  
dagvinnu- og matarhlé kl. 12.00 - 12.30. Matarhlé telst  
ekki hluti vinnutíma. Heimilt er með samkomulagi verk-  
smiðjunnar og starfsmanna að færa þessi hlé til.
- 2.02.02. Ef unnin er yfirvinna skulu fyrstu 15 mínúturnar teljast  
kaffitími. Matartímar skulu vera kl. 18 - 19 og kl. 01.00 -  
02.00.
- Kaffihlé skulu vera kl. 22.00 - 22.15 og kl. 05.00 - 05.15 og  
síðustu 15 mínúturnar áður en dagvinna hefst. Sé unnin  
helgidagavinna skulu matar- og kaffihlé vera þau sömu og á  
virkum dögum. Kaffi- eða matarhlé eða hlutar úr þeim, sem  
falla inn í vinnutímabil í yfirvinnu, reiknast sem vinnutímar.
- 2.02.03. Sé unnið fram að matar- eða kaffitíma í yfirvinnu, skal greiða  
þá matar- og kaffitíma til viðbótar skráðum vinnutíma.  
Undanskilinn er kaffitíminn í byrjun yfirvinnu og matartími kl.  
18 - 19.
- 2.02.04. Í vinnu við lestun og losun skipa, svo og við sekkjun og  
stöflun, er heimilt að skipta liði þannig að allir starfsmenn fái  
kaffi- og matarhlé um það leyti sem ákveðið er hér að  
framan, í því skyni að verkið geti haldið áfram ótruflað.
- 2.02.05. Matarhlé starfsfólks í mötuneyti er hálf tími þegar því verður  
við komið í tengslum við almenna matartíma.
- 2.02.06. Fái menn, samkvæmt beiðni stjórnanda, ekki matar- og  
/eða kaffitíma í dagvinnu í tengslum við venjulega matar- og  
kaffitíma, er sá tími greiddur á yfirvinnukaupi.
- 2.03.01. Starfsmenn í reglubundinni vaktavinnu hafa ekki sérstaka  
matar- eða kaffitíma. Kaffitími, 15 mínútur í upphafi yfirvinnu  
í framhaldi af vakt greiðist aukalega, ef unnið er.
- 2.03.02. Vaktavinnu- og dagvinnu- menn fái greiðslu eins og dagvinnu-  
menn fyrir aukavakt m.t.t. matar- og kaffitíma.

- 2.04. Hluti starfsmanna verksmiðjunnar gegnir störfum á reglbundnum vöktum, skv. vaktakerfi sem lýst er í fskj. nr. 1 með samningi þessum, eða öðrum sem samkomulag yrði um við viðkomandi starfsmenn og trúnaðarmenn með staðfestingu viðkomandi verkalýðsfélags.
- 2.05. Að því leyti sem við verður komið og samkomulag verður um milli verksmiðju og starfsmanna að fenginni staðfestingu hlutaðeigandi verkslýðsfélags er heimilt að víkja frá ákvæðum um vikulegan vinnutíma og tímamörk dagvinnutíma innan þess ramma, að starfi sé gegnt 40 stundir á viku sbr. lið 2.01. að jafnaði yfir hverjar tvær vikur.
- 2.06.01. Samningar þessir miðast við þá sameiginlegu stefnu samningsaðila, að yfirvinna sé ekki unnin í venjulegum rekstri og takmarkist við rekstrarstöðvanir af völdum bilana, viðhalds, afgreiðslu eða annarra tímabundinna verkefna.
- 2.06.02. Við slíkar aðstæður skal stefnt að því að yfirvinna verði ekki meiri en 24 stundir á viku og 48 stundir á mánuði.
- 2.07. Gegni starfsmaður starfi umfram reglulegan dagvinnutíma eða vaktaskyldu telst það yfirvinna.
- 2.08. Yfir- og helgidagavinna telst auk laugardaga, sunnudaga og annarra helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, fyrsta mánudag í ágúst.
- Stórhátíðarvinna telst þó vinna á nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní og jóladag og auk þess aðfangadag og gamlársdag eftir kl. 12.00.
- 2.09. Ráðning í yfirvinnu skal fara fram í dagvinnulok (vaktaskipti) sbr. gr. 2.10 og skal yfirvinna boðin þeim, er starfinu gegndi. Vaktavinnumanni er gegnir skylduvakt skal þó ekki boðin aukavakt nái hann ekki 11 klst. hvíld fyrir næstu skylduvakt, nema að ekki fái starfsmaður á vakt og skal þá greiða mismun á hvíldartíma sbr. gr. 2.11.03. Að öðru leyti skal yfirvinnu jafnað niður á starfsmenn eftir því sem unnt er. Starfsmönnum, sem gegna kallvöktum skal þó að jafnaði ekki falin yfirvinna nema vegna útkalla þær vikur sem þeir eru á kallvakt.
- 2.10. Greiðsla fyrir hvert útkall skal vera 4 klst. hið minnsta, sé kallað út utan venjulegs vinnutíma. Ávallt skal greiða við útkall einni klst. lengur en unnið er. Útkall telst öll kvaðning til

yfirvinnu, sem fram fer utan reglubundins vinnutíma. Sú yfirvinna, sem tengist reglubundinni dagvinnu eða vaktavinnu, telst ekki útkall, svo framarlega, að beðið sé um hana 1 klst. áður en dagvinnu (vakt) næst á undan lýkur. Vinna bakvaktamanns í framhaldi af dagvinnu telst þó ekki útkall, ef til þess kemur áður en hann fer af svæðinu.

- 2.11.01. Vinnutíma starfsmanna skal haga þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags (vaktar), fái þeir a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Óheimilt er að vinna lengur samfellt en 13 klst. nema einhver af sérstökum undantekningarákvæðum samkomulags þessa eigi við.
- 2.11.02. Framangreint ákvæði á þó ekki við á skipulegum vaktaskiptum en þá er heimilt að stytta hvíldartíma í allt að átta klst.
- 2.11.03. Einnig er heimilt, ef nauðsynlegt er að vaktavinnumaður vinni aukavakt, svo skömmu fyrir eða eftir reglulega vakt að samfelldur hvíldartími nái ekki 11 klst. án þess að ákvæði gr. 2.11.02 eigi við. Skal þá veita frí síðar sem nemur 1 1/2 klst á reglulegum launum fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiða út 1/2 klst. (dagvinna) af frítökuréttinum óski starfsmaður þess. Í öllum tilfellum er óheimilt að skerða átta klst. samfellda hvíld. Vinni starfsmaður það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 klst. hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags skal fara með það á sama hátt. Ef um er að ræða 16 klst. vinnulotu skal undantekningarlaust veita 11 klst. hvíld í beinu framhaldi af vinnunni án skerðingar launa.
- 2.11.04. Sé starfsmaður sérstaklega beðinn að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð er heimilt að fresta hvíldinni og veita frí síðar sem nemur 1 1/2 klst. á föstum launum fyrir hverja klukkustund sem hvíldin skerðist. Sé dagvinnumaður kvaddur til vinnu eftir kl. 23:00 og næturvinna hans stendur í sex stundir eða lengur skal hann eiga rétt á 11 stunda hvíld að vinnu lokinni án skerðingar á föstum launum.
- 2.11.05 Undir engum kringumstæðum er heimilt að stytta samfellda hvíld eftir 16 klst. vinnulotu niður fyrir átta klst.
- 2.11.06 Uppsafnaður frítökuréttur skv. framangreindu skal koma fram á launaseðli og veittur í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi fyrirtækis í samráði við starfsmenn enda sé uppsafnaður frítökuréttur a.m.k. 4 klst. Við starfslok skal



ónýttur frítökuréttur starfsmanns gerður upp og teljast hluti ráðningartíma.

- 2.11.07 Verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna, svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruafla, slysa, orkuskorts, bilana í vélum eða tækjum eða öðrum búnaði eða annarra tilsvarendi ófyrirséðra atburða má víkja frá ákvæðum gr. 2.09.1 að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir verulegt tjón, þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju.
- 2.11.08 Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á mánudegi.
- 2.11.09 Að svo miklu leyti sem því verður við komið skal vikulegur frídagur vera á sunnudegi og að svo miklu leyti sem því verður við komið, skulu allir þeir sem starfa hjá fyrirtækinu fá frí á þeim degi. Þó má fyrirtækið með samkomulagi við starfsmenn sína fresta vikulegum frídegi, þar sem sérstakar ástæður gera slík frávík nauðsynleg. Má þá haga töku frídaga þannig að teknir séu tveir frídagar saman aðra hverja helgi (laugardag og sunnudag). Falli frídagar aftur á mót á virka daga vegna ófyrirséðra orsaka skerðir það ekki rétt starfsmanna til fastra launa og vaktaálags.
- 2.11.10 Hvað varðar gildissvið, hvíldartíma, vinnuhlé og fleira vísast til samnings ASÍ og VSÍ frá 30. desember 1996 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma sem telst hluti samnings þessa. Framangreind ákvæði eru til fyllingar 13. gr. þess samnings.
- 2.12. Ef nauðsynlegt reynist af rekstrarástæðum að breyta vinnutímafyrirkomulagi, skal slíkt tilkynnt með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara, og skulu þá aðilar taka upp viðræður sín á milli um breytinguna, ef ástæða þykir til. Aðilar skulu leitast við að ná samkomulagi um breytinguna, en náist það ekki, tekur hún ekki gildi. Samsvarandi gildir, ef taka á upp nýtt vinnutíma- fyrirkomulag á heilum vinnustað eða hluta hans.
- 2.13.01. Verksmiðjunni er heimilt að fella niður vaktir um stundarsakir og kveðja vaktavinnumenn til að gegna störfum sínum í dagvinnu í fyrirvaralausum stöðvunum vegna viðhalds, bilana á búnaði verksmiðjunnar, svo og vegna hráefnis- eða orkuskorts, enda haldi þeir vaktavinnulaunum allt að einum mánuði.

- 2.13.02. Aðrar niðurfellingar á vöktum eða flutning starfsmanna af vaktaskipan ber að tilkynna þeim með mánaðar fyrirvara.
- 2.14. Með samþykki starfsmanns er heimilt að láta hann gegna kallvakt eina viku í senn. Starfsmanni er þá skylt að vera tiltækur í síma eða símboða og reiðubúinn að gegna kalli á vinnustað svo fljótt sem verða má.
- 2.15.01. Tímabundin ráðning starfsmanns skal aldrei vera til skemmri tíma en átta stunda í senn í dagvinnu eða fjögurra stunda í yfirvinnu.
- 2.15.02. Starfsmaður, sem ráðinn er hluta úr degi, skal taka hlutfallsleg laun miðað við vinnutíma fastráðinna starfsmanna.
- 2.16.01. Starfsmaður gegnir starfi sínu frá þeirri stundu sem hann skráir sig vinnuklæddur til starfa við upphaf vinnutíma, þar til hann afskráir sig vinnuklæddur með sama hætti í lok vinnutíma, að frádregnum matartímum á dagvinnutíma eftir því sem við á skv. samningum.
- 2.16.02. Starfsmaður býst til vinnu og heimferða og ferðast að vinnustað og frá í eigin tíma sbr. lið 3.17.
- 2.17. Tveir menn verði í skiptivinnu við eftirtalin störf: Lúgumenn, stjórn lyftara í skipi, stjórn moksturstækja í skipi, krana í efnisgeymslu við uppskipun á gjalli og gipsi, einnig við mokstur á ryki (kísilryki) og svörtum sandi, svo og við þökkunarvél.
3. kafli. Laun.
- 3.01.01. Starfsmenn, sem ráðnir eru með a.m.k. eins mánaðar uppsagnarfresti og gegna fullu starfi samkvæmt samningi þessum skulu fá greidd full mánaðarlaun auk fastrar yfirvinnugreiðslu skv. samningum. Fyrir að gegna starfi að hluta greiðast laun hlutfallslega með sama hætti.
- 3.01.02. Föstum mánaðarlaunum til viðbótar greiðast:
- Laun fyrir yfirvinnu.  
 Álag vegna vaktavinnu.  
 Greiðsla fyrir kallvaktir.  
 Verðbætur á laun.  
 Starfsaldursálag.

Desemberuppbót.  
 Flokkstjóraálag.  
 Verkstjóraálag.  
 Vaktaskipta-, ferða- og fataskiptagreiðsla.  
 Greiðsla orlofskostnaðar.  
 Framleiðni- og þrifabónus.  
 Greiðsla fyrir kaupauka.

3.02. Launaflokkar og byrjunarlaun skulu vera sem hér segir frá og með 1. Desember 2000:

Launafll	Almennur launataxti	Launafll.	Vakta- vinna	Launafll.	Skrifstofu- menn	Launafll.	Iðnaðar- menn
102	90.146	204	82.455	306	102.898	401	107.889
103	92.490	205	84.599	307	105.573	402	110.694
104	94.895	206	86.799	308	108.318	403	113.572
105	97.362	207	89.056	309	111.134	404	116.525
106	99.893			310	114.023	405	119.555
107	102.490			311	116.988	406	122.663
108	105.155			312	120.030		
109	107.889			313	123.151		
110	110.694						
111	113.572						
112	116.525						
113	119.555						

Launahækkningar á samningstímanum verða sem hér segir:  
 Frá 1. janúar 2001 3,0%  
 Frá 1. janúar 2002 3,0%  
 Frá 1. janúar 2003 3,0%  
 Frá 1. janúar 2004 2,75%

3.03.01. 103. launaflokkur.

Nýliðar í verkamannavinnu.

3.03.02. 104. launaflokkur.

Starfsmenn í mötuneyti.  
 Starfsmenn í þvottahúsi.  
 Starfsmenn í ræstingu.

Starfsmenn í almennri verkamannavinnu.  
Starfsmenn á vinnuvélum og tækjum án meiraprófs.  
Starfsmenn við kolamóttöku og á lager (alm. lagerstörf).

3.03.03. 105. launaflokkur.

Starfsmenn vinnuvéla og tækja með meirapróf.  
Starfsmenn í pökkunarstöð með löggildingu viktarmanns.

3.03.04. 106. launaflokkur.

Starfsmenn á bifreiðum með festivögnum.

3.03.05. 107. launaflokkur.

Starfsmaður í mótuneyti í Ártúnshöfða.

3.03.06. 401. launaflokkur.

Iðnaðarmenn með tveggja ára iðnnám.

3.03.07. 403. launaflokkur.

Iðnaðarmenn með fjögurra ára iðnnám.

3.03.08. 405. launaflokkur.

Lagerstjóri Sementsverksmiðjunnar.  
Iðnaðarmenn með tveggja ára sveinsbréf.

3.03.09. 406. launaflokkur.

Iðnaðarmenn með 100 stunda námskeiðssókn í eigin fagi.

- 3.03.10. 207. launaflokkur.  
Starfsmenn í stjórnstöð.  
Starfsmenn á krana.
- 3.03.11. 313. launaflokkur.  
Fulltrúar á skrifstofu, starfsmenn á rannsóknarstofu, afgreiðslustjóri sements á Akranesi og Akureyri og forstöðumaður skrifstofu í Ártúnshöfða.
- 3.04.01. Laun starfsmanna skulu hækka eftir starfsaldri skv. 2. tölulið þessarar greinar þannig að eftir 6 mánuði hækki laun um 3% frá byrjunarlaunum, eftir 1 ár um 7%, eftir 2 ár um 10%, eftir 3 ár um 13% og eftir 5 ár um 15% frá byrjunarlaunum.  
  
Starfsaldur miðast við starfstíma hjá fyrirtækinu.  
  
Greiðsla fyrir 2% starfsaldursálag er innifalin í grunnlaunum.
- 3.04.02. Samanlagður starfsaldur gildir þannig, að ef starfsmaður hefur störf að nýju innan 12 mánaða heldur hann öllum áunnum réttindum. Sé hann lengur fjarverandi heldur hann öllum áunnum réttindum eftir 1 mánaðar starf fyrir hvert ár, sem hann er fjarverandi, þó aldrei eftir lengri tíma en þrjá mánuði.  
  
Í tilvikum samkvæmt þessari grein er allur starfstími starfsmanns lagður saman og gildir hann um öll samningsákvæði þar sem starfstími er skilyrtur. Til starfsaldurs teljast fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs svo og ef verksmiðja stoppar vegna hráefnisskorts eða uppsagna vegna samdráttar.
- 3.05. Laun fyrir vinnu hluta úr mánuði greiðast með því að draga frá fullu mánaðarkaupi 1/21,67 þess fyrir hvern fjarvistardag, mánudaga til föstudaga að því er varðar dagvinnumenn, og 1/18,24 fyrir hverja 8 stunda vakt mánaðarins, sem ekki er unnin, miðað við þrískiptar vaktir alla daga.
- 3.06.01. Verksmiðjan hefur rétt til að flytja menn milli starfa, enda séu störfin svipaðs eðlis. Samráð skulu hverju sinni höfð við starfsmenn um slíkar tilfærslur.
- 3.06.02. Sé starfsmaður færður tímabundið til að gegna störfum, sem eru í hærri launaflokki en þau, sem hann að jafnaði gegnir,

skal hann fá tilsvarendi launamismun á meðan, enda gegni hann starfinu a.m.k. heilan vinnudag (vakt).

- 3.06.03. Sé starfsmaður til frambúðar færður í starf, sem lægra er launað í föstum launum en starf það, sem hann áður gegndi, ber honum að halda óbreyttum launum sem svarar uppsagnarfresti.
- 3.07.01 Yfirvinna greiðist með 1.0909% af mánaðarlaunum að viðbætti greiðslu fyrir vaktaskipti o.fl. skv. grein 3.18, fyrir hvern unninn tíma. Yfirvinna á stórhátíðum greiðist með 1.375% af sama grunni fyrir hvern unninn tíma.
- Dagvinnutímakaup skal fundið með því að deila 165 í mánaðargrunnlaun viðkomandi launaflokks, nema að því er varðar skrifstofufólk, þar skal deilir vera 160.
- 3.07.02 Starfsmenn geta tekið frí í stað greiðslu fyrir yfirvinnu, þannig að einungis yfirvinnuálagið sé greitt. Þeir sem vilja nýta þennan rétt sinn skulu tilkynna það stjórnanda hverju sinni ekki síðar en næsta föstudag eftir að yfirvinna er unnin. Frí samkvæmt grein þessari skulu tekin í samráði við stjórnanda.
- 3.08. Reglubundin vaktavinna greiðist með föstu álagi, sem skal vera 30% fyrir tímabilið kl. 16-24 mánudaga til föstudaga, 55% kl. 08-24 laugardaga og sunnudaga, og 60% frá kl. 00-08 alla daga. Álagið miðast við venjulega vinnuviku sem fast hlutfall, 37,62%, sem greiðist á mánaðarkaup án álaga, sbr. 3.11. og 3.12., meðan menn vinna á reglubundnum vöktum.
- 3.09. Greiðsla fyrir kallvaktir skal auk greiðslu fyrir útkall vera 30% af dagvinnutímakaupi viðkomandi manns fyrir hverja klst. á kallvakt.
- 3.10.01. Álag flokksstjóra skal vera 15%.
- 3.10.02. Leiðandi bakvaktamaður, sem gegnir útkalli, skal hafa flokksstjóraálag meðan hann gegnir því útkalli, ef verkstjóri er ekki á vinnustað.
- 3.11.01. Álag verkstjóra skal vera 32,4% á viðkomandi launaflokk. Flokksstjórar sem gegna störfum verkstjóra í orlofi og forföllum skulu taka laun verkstjóra þann tíma, enda séu frátafir verkstjóra a.m.k. 1 (einn) vinnudagur (vakt).

- 3.11.02. Vikulegur vinnutími verkstjóra miðast í megindráttum við vinnutíma þeirra starfshópa sem þeir stjórna. Verkstjóri skal að jafnaði ekki ganga reglulegar bakvaktir, nema óhjákvæmilegt sé.
- 3.12. Vegna aukins verksviðs, s.s. eyðingar olíuleifa o.fl. greiðist aðstoðarmönnum í stjórnstöð 10% álag á launaflokk sinn.
- 3.13. Um miðjan desember ár hvert skal hver starfsmaður, sem þá er í föstu starfi og unnið hefur síðasta ár hjá verksmiðjunni, fá greidda launauppbót, sem nemur tveggja vikna byrjunarlaunum skv. 113. launaflokki og álagi, sem svarar til hlutfalls meðalbónus af launum mánuðina ágúst til nóvember, næst á undan greiðslu. Þeir sem skemur hafa unnið skulu fá hlutfallslega greiðslu. Þeir starfsmenn sem unnið hafa hjá verksmiðjunni í 3 ár eða lengur en hætta áður en til greiðslu kemur skulu fá greitt hlutfallslega.
- 3.14. Starfsmenn, sem færa sönnur á að þeir fari eða hafi farið í orlof, skulu fá greiðslu frá verksmiðjunni til að standa straum af hluta orlofskostnaðar, þ.e. jafngildi tveggja vikna kaups á byrjunarlaunum 113. launaflokks eins og það er 1. maí ár hvert, að viðbættu álagi, sem svarar til meðalbónus af launum mánuðina janúar til apríl næst á undan orlofstökutímabilinu, ef þeir hafa unnið hjá verksmiðjunni í heilt orlofsár eða lengur. Þeir, sem skemur hafa unnið, skulu fá hlutfallslega greiðslu. Þeir starfsmenn sem unnið hafa hjá verksmiðjunni í 3 ár eða lengur en hætta áður en til greiðslu kemur skulu fá greitt hlutfallslega. Greiðsla þessi skal innt af hendi til starfsmanna 15. júní ár hvert.
- Þeir starfsmenn sem hætta störfum vegna veikinda eða bótaskyldra slysa njóta fullra réttinda til orlofs- og desemberuppbótar.
- 3.15.01. Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um starfsmenn, sem samningur þessi tekur til, en ráðnir eru tímabundið til starfa, t.d. við afleysingar.
- 3.15.02. Vinnutími, kaffihlé o.þ.h. skal vera samkvæmt samningi þessum. Tímalaun í dagvinnu skulu vera 0,5769% af mánaðarlaunum fyrir aðra en skrifstofumenn, en 0,6073% fyrir skrifstofumenn, en yfirvinnukaup hið sama og skv. samningnum.

- 3.15.03. Hafi menn starfað lengur en mánuð hjá verksmiðjunni eiga þeir mánaðaruppsagnarfrest, enda hafi þeir ekki verið ráðnir til ákveðins verkefnis eða tiltekins tíma.
- 3.15.04. Ákvæði um greiðslu í veikindatilfellum, svo og önnur ákvæði en að ofan greinir, skulu vera sem í almennum samningum við vinnuveitendur. Ákvæði um greiðslur í slysatilfellum skulu fara eftir þessum samningi.
- 3.16. Komi starfsmaður of seint til vinnu á hann ekki kröfu á launum fyrir þann fjórðung klukkustundar, sem hann mætti í, né þann tíma, sem áður er liðinn.
- 3.17. Greiðsla vegna þvotta, ferða og fataskipta dagvinnumanna er innifalin í grunnlaunum.
- Verksmiðjan greiðir 25 mín yfirvinnu fyrir hverja vakt vegna vaktaskipta, þvotta, ferða og fataskipta á vinnustað.
- 3.18.01. Vaktavinnumenn fá í ofnstoppi greitt skv. 207. launaflokk.
- 3.18.02. Starfsmanni skulu greiddir kaupaukar samkvæmt nánari skýrgreiningu í fskj. 3 með samningi þessum.
- 3.18.03. Verkstjóri/starfsmaður skrá kaupauka daglega í samráði við hlutaðeigandi starfsmann/verkstjóra. Komi upp ágreiningur, skulu verkstjóri og trúnaðarmaður verkalýðsfélags í viðkomandi deild leiða málið til lykta.
- 3.18.04. Kaupauki skv. framanrituðu skal vera 119,35 frá gildistöku samnings þessa og breytist með byrjunarlaunum skv. flokki 103.
- 3.18.05. Samkomulag er um að inn í grunnlaunum séu kaupaukar jafngildi 2,5% frá og með 1. maí 1987.
- 3.19.01. Til viðbótar greiðslum sem að framan eru taldar greiðist starfsmönnum framleiðnibónus, sem ákvarðast á eftirfarandi hátt:
- Fundið er út hversu margar greiddar stundir eru að baki hvers framleidds tonns (vegins tonns) hvern mánuð. Með greiddum stundum er átt við allar greiddar stundir hverju nafni sem þær nefnast, að þeim þó undanskildum, sem greiddar eru til áhafnar Skeiðfaxes og fyrir kallvaktaskyldu.



Rauntími fari þó ekki niður fyrir 2,8 klst pr/tonn. (Gildir frá 1. janúar 1996).

Framleiðibónus er fundinn út með eftirfarandi reiknireglu:

$(5,75 - \text{rauntími pr. tonn}) \times 6,52 = \text{framl.bónus í \%}$

Frá þeirri prósentutölu er dregin talan 18,86 sem er sú prósentutala sem hefur verið flutt í grunnlaun samkvæmt kjarasamningi í maí 1997.

Framleidd tonn eru vegin með eftirfarandi hætti:

Gjall 0,80

Sement 0,20

Framleiðibónus skal reiknaður út eftir hvern mánuð.

Framleiðibónus kemur sem hundraðstala ofan á heildarlaun, sem koma til útborgunar 15. næsta mánaðar.

Framleiðibónus greiðist til þeirra starfsmanna sem þá hafa starfað hjá fyrirtækinu í 3 mánuði eða lengur, sbr. gr. 3.05.3 í kjarasamningi. Til nýrra starfsmanna greiðist framleiðibónusinn frá og með upphafi fjórða mánaðar í starfi.

Orlofsgreiðsla er innifalin í framleiðibónus enda fá starfsmenn hann í orlofi.

Trúnaðarmenn skulu eiga aðgang að þeim gögnum sem útreikningur framleiðibónus byggist á.

3.19.02. Fyrir hreinlæti og snyrtimennsku greiðist launauppbót til starfsmanna samkvæmt eftirfarandi reglum:

Athafnasvæði verksmiðjunnar er skipt í 5 svæði, 4 á Akranesi og 1 í Ártúnshöfða. Hvert svæði er skoðað sameiginlega í hverjum mánuði af einum fulltrúa starfsmanna og einum fulltrúa Sementsverksmiðjunnar. Skoðun hvers svæðis skal beinast að þremur þáttum:

1) Hvort svæðið er þrifið og rusl sett á sinn stað.

2) Hvort snyrtilega sé gengið um tæki og búnað og gert sé við skemmdir.

3) Hvort efni sem verið er að vinna með sé skipulega fyrirkommið.

Grunngreiðsla fyrir hvert svæði er kr. 212.000 1. Janúar 2001 og breytist í beinu hlutfalli við byrjunarlaun 405. launaflokks.

Hver sameiginleg athugasemd skoðunarmanna lækkar greiðslu fyrir hvert svæði um 10%. Þó verður aldrei fleiri en þrjár athugasemdir hverju sinni til frádráttar á hverju svæði.

Samanlögð upphæð allra svæða er síðan notuð sem ákv. hlutfall af heildarlaunum sem greiðast til starfsmanna.

Breytt fyrirkomulag greiðslna tekur gildi 1. janúar 2001.

3.19.03. Samanlagðar upphæðir skal greiða til starfsmanna í hlutfalli við laun þeirra í hverjum mánuði. Mánuðina maí, júní, júlí og ágúst skal samanlögð prósentutala framleiðni- og þrifabónusa hvers mánaðar margfölduð hlutfallslega til að mæta fjölgun starfsmanna vegna afleysinga í fríum. Upphækkun þessi kemur ekki til, þegar afleysingamenn eru ekki ráðnir vegna rekstrarstöðvunar á sumarleyfatíma eða af öðrum ástæðum.

4. Kafli. Um ráðningu og uppsagnarfrest.

4.01. Milli starfsmanns og verksmiðju skal gerður skriflegur ráðningarsamningur í fjórriti og fylgir samningsformið með samningi þessum sem fylgiskjal 4.

4.02. Verksmiðjan skuldbindur sig til að láta þá sem eru fullgildir félagsmenn í hlutaðeigandi verkalyðsfélögum og samböndum hafa forgangsrétt til ráðningar til þeirra starfa er um ræðir í 1. kafla samningsins, enda séu þeir hæfir til þess starfs sem um er að ræða og hafi tilskilin réttindi þar sem þeirra er krafist.

4.03 Ráðningartími skal að jafnaði hefjast með 3. mánaða reynslutíma. Fyrstu 3 mánuði skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera 1 vika, m.v. vikuskipti, næstu níu mánuði skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera einn mánuður, en eftir 12 mánaða starf skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera 88 dagar hvort tveggja miðað við mánaðamót. Að öðru leyti fer um uppsagnarfrest skv. lögum.

4.04.01. Uppsagnarákvæði skv. lið 4.03. gilda þó ekki, ef starfsmaður sýnir vítaverða vanrækslu í starfi sínu, eða verksmiðjan gerist brotleg gagnvart starfsmanni. Til vítaverðrar vanrækslu telst í þessu sambandi m.a. ef starfsmaður mætir ítrekað of seint til vinnu sinnar, án leyfis eða gildra ástæðna, enda hafi starfsmaður fengið skriflega aðvörun, svo og ef starfsmaður óhlýðnast réttmætum fyrirmælum verkstjóra. Trúnaðarmanni skal gefinn kostur á að kynna sér mál af þessu tagi.

4.04.02. Brot á öryggisreglum, sem stofna lífi og limum starfsmanna, svo og tækjum fyrirtækisins í voða skal varða brottvikningu án undangenginna aðvarana, ef aðaltrúnaðarmaður og framkvæmdastjóri eru sammála um það.

## 5. Kafli. Orlof.

5.01.01. Orlof fastráðinna starfsmanna skal vera sem hér segir:

### Að sumri

### Að vetri

Eftir 1 ár    Eftir 3 ár

Orlof    24 dagar    3 dagar    6 dagar

Sumarorlof starfsmanna á reglubundnum þrískiptum vöktum telst 22 vaktir, vetrarorlof 3 vaktir eftir 1 ár, en 6 vaktir eftir 3 ár.

Samkomulag er um að inni í grunnlaunum sé lenging orlofs jafngildi 0,5% frá og með 1. apríl 1988.

5.01.02. Þeir, sem skemur hafa unnið, skulu fá orlof í sama hlutfalli. Starfsmenn skulu auk þess fá 10,17% orlofsfé af yfirvinnu á fyrsta starfsári, 11,59% orlofsfé næstu 2 ár og síðan 13,04%.

Um orlof fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um orlof nr. 87/1971, þar með talið orlofstímabil. Með samkomulagi starfsmanna og viðkomandi yfirmanns er heimilt að skipta orlofi og taka það hvenær sem er ársins.

5.01.03. Þeir starfsmenn, sem samkvæmt ósk verksmiðjunnar taka orlof að hluta utan tímabilsins 2. maí til 30. september skulu fá 25% lengingu þess orlofs, sem fellur utan þess tímabils.

- 5.02. Í orlofssjóði hlutaðeigandi verkslýðsfélaga greiði verksmiðjan fjárhæð, sem nemi 0,25% af brúttolaunum þeirra starfsmanna, sem samningurinn tekur til. Verksmiðjan gerir skil á þessum gjöldum mánaðarlega eftir á.
- 5.03. Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna verksmiðjunni um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Sama gildir ef hann veikist í landi innan EES svæðisins það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar. Fullnægi hann tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en þrjá sólarhringa innanlands, eða sex sólarhringa innan EES svæðisins, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega voruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.
- Verksmiðjan á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal, eftir því sem kostur er, veitt á þeim tíma, sem starfsmaður óskar, og skal veitt á tíma-bilinu 2. maí - 15. september, nema sérstaklega standi á.
- 5.04.01. Starfsmenn skulu eiga rétt á fríi án launa í allt að 6 mánuði í einu lagi á 5 ára fresti, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:
- 5.04.02. Starfsmaður skal óska eftir slíku fríi með minnst þriggja mánaða fyrirvara og ákveður framkvæmdastjóri þá hvenær frí hefjist og hvenær því ljúki í samráði við starfsmann. Skal leitast við að veita fríð sem næst umbeðnum tíma.
- 5.04.03. Ekki er skylt að veita fleiri en 5% starfsmanna slík leyfi frá störfum samtímis og ekki fleiri en einum úr hverri deild verksmiðjunnar. Starfsmaður skal eiga rétt á að ganga inn í fyrra starf sitt, þegar að fríi lýkur samkvæmt framanskráðu.
6. Kafli. Veikinda-, slysa og barnsburðarlaun.
- 6.01.01 Veikist starfsmaður, skal hann á 1 ári fá laun 2 vinnudaga (vaktir) fyrir hvern byrjaðan mánuð. Eftir eins árs starf, skulu menn halda óskertum launum í veikindatilfellum miðað við starf hjá verksmiðjunni sem hér segir:
- eftir fyrsta starfsár 84 almanaksdaga á hverjum 12 mán
  - eftir þriggja ára starf 120 almanaksd. á hverjum 12 mán
  - eftir fimm ára starf 170 almanaksdaga á hverjum 12 mán

- eftir tíu ára starf 210 almanaksdaga á hverjum 12 mán

- 6.01.02. Í tilvikum samkvæmt gr. 6.01.1. og 6.02. skal starfsmönnum greidd yfirvinna í allt að 1 mánuð, sem þeir eru fjarverandi vegna sjúkdóms/slyss, samkvæmt 5 gr. laga nr. 19/1979. Þá skulu greidd 90% af yfirvinnu hins fyrsta mánaðar næstu 2 mánuði.
- 6.01.03. Ekki er skylt að greiða starfsmanni laun fyrir veikindadaga/slysadaga, nema fyrir liggja læknisvottorð.
- 6.01.04. Foreldri skal heimilt að verja samtals 7 vinnudögum á hverju tólf mánaða tímabili til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið og halda þá föstum launum.

Eftir eins árs starf er foreldrum með sama hætti heimilt að verja samtals 10 vinnudögum til aðhlynningar börnum sínum undir 13 ára aldri. Með foreldri er einnig átt við fósturforeldri eða forráðamann sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.

- 6.01.5. Starfsmaður á rétt á leyfi frá störfum þegar um óviðráðanlegar (force majeure) og brýnar fjölskylduástæður er að ræða vegna sjúkdóms eða slyss sem krefjast tafarlausrar nærveru starfsmanns.

Starfsmaður á ekki rétt á launum í framangreindum tilfellum, samanber þó gr. um veikindi barna.

- 6.02. Starfsmenn skulu halda óskertum launum í allt að 12 mánuði, verði þeir fyrir slysi á vinnustað, eða á beinni leið frá heimili til vinnustaðar, eða frá vinnustað til heimils, eða veikist af orsökum, er rekja má til vinnunnar, sbr. reglur varðandi atvinnusjúkdóma, útgefnar af Samgönguráðuneytinu 7. mars 1956.

Trúnaðarlæknir verksmiðjunnar skal gera tillögu um, hvernig úrskurða skuli, hvort um atvinnusjúkdóm sé að ræða. Endanlegir úrskurðir um atvinnusjúkdóma skulu vera í höndum nefndar, sem skipuð er 2 fulltrúum frá hvorum samningsaðila og læknislærðum oddamanni, sem aðilar koma sér saman um. Náist ekki samkomulag um oddamann, skal Læknafélag Íslands beðið um að skipa hann. Í öllum tilvikum renni dagpeningar Tryggingastofnunarinnar til verksmiðjunnar.

- 6.03.01. Starfsmanni greiðast því aðeins laun fyrir slysadaga eða endurtekin og varanleg veikindi, að fyrir liggja læknisvottorð.
- 6.03.02. Veikist starfsmaður og geti af þeim sökum ekki sótt vinnu, skal hann samdægurs tilkynna það stjórnanda sínum, sem ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafist. Til vara skal símavakt tilkynnt um veikindi. Læknisvottorð skal að jafnaði vera frá heimilislækni, en þó getur verksmiðjan hvenær sem er krafist vottorðs frá trúnaðarlækni. Ef læknisvottorðs er krafist, skal það vera starfsmanni að kostnaðarlausu.
- 6.03.03. Um veikindi í orlofi vísast í lið 5.03.
- 6.04. Verksmiðjan greiðir útlagðan kostnað við læknishjálp vegna slysa sem að ofan greinir jafnlengi og starfsmaður nýtur launa.
- 6.05. Um greiðslur vegna barnsburðar fer skv. gildandi lögum.
- 6.06. Regluleg læknisskoðun starfsfólks skal fara fram einu sinni á ári. Að öðru leyti vísast til laga nr. 46/1980.
- 6.07. Í sjúkrasjóði viðkomandi verkalýðsfélags greiðir verksmiðjan 1% af brúttólaunum.
- Fjárhæðir þær, er um ræðir í þessari grein, skulu greiddar viðkomandi félögum mánaðarlega. Greiðslum skal fylgja skilagrein.
- 6.08.01. Verksmiðjan slysatryggir alla starfsmenn sína, fastráðna sem lausráðna, á vinnustað eða á beinni leið til vinnustaðar eða frá vinnustað til heimilis.
- 6.08.02. Dánarslysabætur:
- Sementsverksmiðjan hf. Tryggir alla starfsmenn sína, fastráðna sem lausráðna, sem samningur þessi tekur til, fyrir dauða, varanlegri örorku eða tímabundinni örorku af völdum slyss í starfi eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Ef starfsmaður hefur starfs síns vegna viðlegu utan heimilis kemur viðlegustaður í stað heimilis, en tryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar.

Dánarbætur eru:

1. Ef hinn látni var ógift/ókvæntur og lætur ekki eftir sig barn og hefur ekki séð fyrir öldruðu foreldri (67 ára eða eldri) kr. 868.500.

Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.

2. Ef hinn látni var ógift/kvænur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum (67 ára og eldri) kr. 2.661.000.

Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.

3. Ef hinn látni var í hjúskað eða í skráðri, óvigðri sambúð eða í staðfestri samvist, eru bætur til maka kr. 4.342.500. Rétthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðar, samvistaraðili.

4. Ef hinn látni lætur eftir sig börn innan 18 ára aldurs. Fyrir hvert barn kr. 868.500.

Rétthafi dánarbóta þessara eru viðkomandi börn. Bætur greiðast til fjárhaldsmanns ófjárráða barns.

5. Með börnum í 2. Og 4. Lið er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpborn, börn sambúðaraðila og fósturbörn sem hinn látni var framfærsluskyldur við, sbr. 9. gr. barnalaga nr. 20/1992.

6. Dánarslysabætur greiðast einungis samkvæmt einum af töluliðum 1, 2 eða 3. Til viðbótar við bætur skv. 2. og 3. tölulið geta komið bætur samkvæmt 4. Tölulið.

#### 6.08.03. Bætur vegna varanlegrar örorku

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðist í hlutfalli við vátyggingarfjárhæðina kr. 5.466.000 þó þannig að hvert örorkustig 26-50% virkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% virkar fjórfalt. Slysabætur vegna 100% örorku verða þannig kr. 15.031.500, sjá eftirfarandi dæmi:

- Hvert stig á bilinu 0 - 25% gefur 54.660 kr.  
Bætur vegna 25% örorku verða skv. því:  
 $25 \times 54.660 = 1.366.500$  kr.
- Hvert stig á bilinu 26 – 50% gefur 109.320 kr.  
Bætur vegna 50% örorku verða skv. því:  
 $25 \times 54.660 + 25 \times 109.320 = 4.099.500$  kr.

- Hvert stig á bilinu 51 – 100% gefur 218.640 kr.  
Bætur vegna 100% örorku verða skv. því:  
 $25 \times 54.660 + 25 \times 109.320 + 50 \times 218.640 = 15.031.500$  kr.

#### 6.08.04. Endurskoðun tryggingafjárhæða

Fjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 2000, 195,5 stig. Tryggingafjárhæðir skulu endurskoðaðar tvisvar á ári, 1. Janúar og 1. Júlí, og hækka sem nemur breytingum á vísitölu neysluverðs frá janúar 2000 til vísitölu janúar og júlí ár hvert.

#### 6.08.05. Gildistaka og tryggingaskilmálar

Framangreindar hækkanir á tryggingarfjárhæður og breytingar á skilmálum gilda um slys sem verða eftir 1. Desember 2000. Tryggingin tekur gildi um leið og tryggingaskyldur launþegi hefur störf en fellur úr gildi um leið og hann hættir störfum.

Skilmálar eru almennir skilmálar sem í gildi eru fyrir atvinnuslysaftryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga þegar samningur þessi er gerður.

Slysatrygging launþega greiðir ekki bætur til starfsmanns þegar tjón hans fæst bætt úr lögboðinni ökutækjaftryggingu.

Verði Sementsverksmiðjan hf. Skaðabótaskyld gagnvart launþega sem slysatryggður er skv. samningi þessum, skulu slysabætur og dagpeningar sem greiddir kunna að verða til launþega, koma að fullu til frádráttar þeim skaðabótum sem Sementsverksmiðjan hf. Kann að verða gert að greiða.

#### 6.08.06. Dagpeningar greiðist til Sementsverksmiðjunnar hf. Meðan kaupgreiðslur vara samkvæmt samningi.

### 7. Kafli. Iðgjaldagreiðslur.

#### 7.01. Verksmiðjan tekur að sér að innheimta árgjald eða hluta árgjalda aðal- og aukafélaga viðkomandi verkalýðsfélaga af



ógreiddum en kræfum vinnulaunum starfsmanna. Verksmiðjan annast skil gjaldanna til félaganna mánaðarlega.

7.02. Löggjöld til lífeyrissjóða greiðast vegna allra starfsmanna 16 ára og eldri í samræmi við staðfestar reglugerðir viðkomandi lífeyrissjóða. Verksmiðjan annast skil iðgjaldanna mánaðarlega.

7.03. Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreinarsjóð greiðir verksmiðjan framlag á móti með eftirfarandi hætti:

Frá 1. desember 2000 skal mótframlag verksmiðjunnar vera 1% gegn 2% framlagi starfsmanns.

Frá 1. Janúar 2002 skal mótframlag verksmiðjunnar nema 2% gegn 2% framlagi starfsmanns.

Framlag á grundvelli laga nr. 113/1990 um tryggingagjald telst ekki hluti greiðslna.

8. Kafli. Almenn ákvæði.

8.01. Verksmiðjan getur gert samkomulag við starfsmenn um notkun eigin bifreiða þeirra til flutninga á starfsmönnum og í útköllum. Greiðsla fyrir slík afnot skal fara eftir taxta ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

Í Ártúnshöfða fá starfsmenn greidda 12 km fyrir hvern starfsdag.

8.02.01. Verksmiðjan sér um, að öryggisbúnaður hennar sé ávallt eins fullkominn og frekast er kostur og að fyllsta öryggis sé gætt við rekstur hennar í samræmi við starfsleyfi ráðuneytis, og lög og reglugerðir um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Starfsmönnum ber að fara eftir þeim reglum, sem settar eru í því skyni.

8.02.02. Starfsmenn skulu fá vinnufatnað, galla og/eða sloppa eins og verið hefur. Verksmiðjan skal sjá um þrif á þessum fatnaði.

Ef starfsmenn eru látnir vinna sérstaklega óþrífaleg störf, leggur verksmiðjan þeim til hlífðarföt við þá vinnu, þeim að kostnaðarlausu, einnig til hlífðar slagviðri og skaðlegum efnum.

Þegar unnið er í miklum kulda skulu starfsmenn eiga aðgang að kuldafatnaði.

- 8.02.03. Starfsmönnum skulu lögð til verkfæri og vinnutæki þeim að kostnaðarlausu. Verksmiðjan sér um að öll verkfæri og vinnutæki séu í góðu lagi, þannig að þau valdi ekki slyshættu.
- 8.02.04. Verksmiðjan leggur starfsmönnum til, þeim að kostnaðarlausu hlífðarbúnað svo sem hlífðarvettlinga, hlífðarsvuntur, öryggisbelti, öryggisgleraugu, öryggisgrímur, öryggishjalma og öryggisskó, við þau störf þar sem slíks búnaðar er krafist, samkvæmt öryggisreglum, enda er starfsmönnum skylt að nota hann.
- 8.02.05. Starfsmenn skulu fara vel með hlífðar- og vinnuföt, verkfæri og öryggisbúnað, sem verksmiðjan leggur þeim til. Útbúnaði, sem starfsmenn hafa fengið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skulu þeir skila er þeir hætta sem starfsmenn verksmiðjunnar.
- 8.02.06. Verði starfsmaður sannanlega fyrir tjóni á nauðsynlegum, algengum fatnaði og munum við vinnu sína, svo sem úrum, gleraugum o.s.frv., skal það bætt samkvæmt mati. Slík tjón verða einungis bætt ef þau verða vegna óhappa á vinnustað. Eigi skal bæta slíkt tjón verði það vegna gáleysis eða hirðuleysis starfsmanna.
- 8.03. Skylt er starfsmanni að boða forföll í tæka tíð ef hann getur ekki mætt til vinnu. Ennfremur skulu þeir, sem eru fjarverandi, láta vita með góðum fyrirvara, áður en þeir mæta aftur til vinnu.
- 8.04. Föst laun, þar með talin föst yfirvinna, vakta-, ferða- og fataskiptagreiðsla og vaktaálag, skulu greiðast 15. hvers mánaðar og að hálfu fyrirfram, en að hálfu eftir á. Önnur yfirvinna og aðrar greiðslur síðasta almanaksmánaðar skulu greiðast á sama tíma. Allar launagreiðslur skulu fara inn á bankareikning viðkomandi starfsmanns.
- 8.05. Starfsmenn í Ártúnshöfða skulu fá fæði án endurgjalds. Dagvinnumenn á Akranesi skulu fá létta máltíð í hádegi án endurgjalds. Þegar 3 starfsmenn eða fleiri vinna yfirvinnu í framhaldi af dagvinnu skal fyrirtækið leggja til bakkamat fyrir kvöldverð, endurgjaldslaust, ef starfsmenn óska þess.

Vaktavinnumenn skulu fá eina máltíð á vakt hliðstætt og dagvinnumenn en bakkamat um helgar.

- 8.06. Nauðsynlegustu sjúkragögn og lyf skulu vera tiltæk á vinnustað.
- 8.07.01. Félögum þeim og samböndum, sem eru aðilar að samningi þessum er heimilt að velja sér trúnaðarmenn úr hópi starfsmanna á hverjum vinnustað.
- 8.07.02. Starfsmönnum er heimilt að snúa sér til trúnaðarmanna með hvers konar óskir og kvartanir viðvíkjandi vinnunni og öðru er þeir telja ábótavant, svo og um hugmyndir um atriði sem betur mætti fara. Að öðru leyti skulu trúnaðarmenn stuðla að sem eðlilegustu samstarfi innan verksmiðjunnar og að samningur þessi svo og lög og reglur sem starfsmenn varða séu haldnar í öllum greinum.
- 8.07.03. Trúnaðarmaður skal ræða þessi efni eftir þörfum við verkstjóra eða aðra stjórnendur fyrirtækisins til að ráða þeim til lykta. Skal trúnaðarmaður með vitund verkstjóra síns verja þeim tíma, sem þörf krefur á vinnustað til trúnaðarmannastarfa sinna í þágu starfsmanna eða verkalýðsfélags og laun hans ekki skerðast af þeim sökum.
- 8.07.04. Trúnaðarmanni skal heimilt í sambandi við ágreiningsefni að yfirfara gögn og vinnuskýrslur, sem ágreiningsefnið varða. Fara skal með slíkar skýrslur sem trúnaðarmál eftir eðli máls.
- 8.07.05. Trúnaðarmenn skulu kjósa sér formann til tveggja ára úr sínum hópi eða annarra starfsmanna verksmiðjunnar. Formaður trúnaðarmanna er aðaltrúnaðarmaður starfsmanna.
- 8.07.06. Aðaltrúnaðarmaður hefur sama verkefni og trúnaðarmenn og tekur við málum, sem um semst milli þeirra og málefnum, sem varða verksemi fleiri en eins trúnaðarmanns. Allar óskir starfsmanna um breytingar og túlkun á gildandi kjarasamningi, skulu kynntar forsvarsmönnum verksmiðjunnar með milligöngu aðaltrúnaðarmanns.
- 8.07.07. Aðaltrúnaðarmaður skal hafa nægan tíma án skerðingar launa til að sinna sérstaklega málefnum starfsmanna.
- 8.07.08. Trúnaðarmenn skulu kjósa úr röðum starfsmanna sérstaka öryggistrúnaðarmenn til tveggja ára í senn og skal skipan mála varðandi öryggistrúnaðarmann og öryggisnefndir vera í

samræmi við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

- 8.07.09. Að öðru leyti fer um störf trúnaðarmanna eftir lögum nr. 80/1938. Ákvæði þessi undanþiggja ekki trúnaðarmenn mætingarskyldu, viðveru og venjulegri skyldu til að stimpla tímakort við upphaf og lok hvers vinnudags.
- 8.07.10. Trúnaðarmönnum skal gefinn kostur á að sækja námskeið sem miða að því að gera þá hæfari í starfi. Hver trúnaðarmaður hefur rétt á að sækja eitt námskeið á ári. Þeir sem námskeiðin sækja skulu halda dagvinnutekjum í allt að eina viku á ári enda séu þau viðurkennd af samningsaðilum. Á fyrsta ári skal trúnaðarmaður halda dagvinnutekjum í allt að tvær vikur. Framangreint gildir um tvo trúnaðarmenn á ári.
- 8.07.11. Í síðustu viku áður en leggja skal fram tillögu til nýs kjarasamnings, skal aðaltrúnaðarmaður hafa algjöra lausn frá vinnuskyldu. Trúnaðarmenn skulu auk þess ráða fyrir fimm manndögum í sömu viku til undirbúnings samninganna. Aðaltrúnaðarmaður og fjórir starfsmenn aðrir er kunna að taka þátt í viðræðum við verksmiðjuna sem fulltrúar starfsfólks vegna endurnýjunar á samningum skulu halda óskertum launum, ef sameiginlegir fundir fara fram á vinnutíma þeirra.
- 8.07.12. Trúnaðarmenn skulu fá til umráða sameiginlegt skrifstofuherbergi og aðgang að síma, eftir því sem aðstæður leyfa. Þeir skulu einnig fá aðstöðu til fundahalds í samráði við framkvæmdastjóra.
- Hver trúnaðarmaður skal hafa aðgang að læstri hirslu hver á sínum vinnustað og skal hirslunni komið fyrir í samráði við viðkomandi trúnaðarmann. Trúnaðarmenn skulu gegna störfum í samræmi við ofanritað og lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, svo og lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980.
- 8.08. Verksmiðjan skal kynna fyrir trúnaðarmönnum verulegar breytingar á rekstri og vinnutilhögun með eins miklum fyrirvara og unnt er.
- 8.09. Hlutaðeigandi verkalyðsfélög skulu kynna félagsmönnum sínum rækilega öll ákvæði samnings þessa. Verksmiðjan skal á sama tíma kynna samninginn verkstjórum sínum, svo og öðrum stjórnendum. Jafnframt kynningu skulu samnings-

aðilar hvetja til þess að samningsákvæði verði haldin eftir fremsta megni.

8.10.01. Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um vinnustöðvanir, verkföll og verkbönn, og halda gildi sínu þrátt fyrir uppsögn samnings, uns nýr samningur hefur verið gerður:

8.10.02. Komi til uppsagnar á samningnum, skulu aðilar senda gagnaðila kröfur sínar um breytingar áður en uppsagnarfræstur er hálfnaður. Leiði slík uppsögn til vinnustöðvana, verkfalla eða verkbanna hjá verksmiðjunni, skal farið að lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Framkvæmd vinnustöðvunar skal þó vera þannig, að komið verði svo sem frekast er unnt í veg fyrir tjón á framleiðslutækjum. Munu verkalýðsfélögin í þessu skyni, ef til vinnustöðvunar kemur, veita verksmiðjunni tímabundið leyfi fyrir þeim mannafla, sem að dómi verkalýðsfélaganna þarf til tæmingar aðalvinnslutækja og til lágmarksstarfsemi sem hér segir: Til lágmarksvinnslu vegna tæmingar og kælingar á ofni í a.m.k. þrjár vikur eftir að vinnustöðvun er hafin.

8.10.03. Samúðarvinnustöðvanir til að stöðva útskipun vara frá verksmiðjunni skulu fylgja þeim reglum, sem ákveðnar eru í lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Samúðarvinnustöðvanir á framleiðslu verksmiðjunnar, nauðsynlegum aðdráttum á hráefni, orku og öðru sem til þarf, skulu eigi boðaðar fyrr en vinnustöðvanir við almennan atvinnurekstur á félagssvæði undirritaðra verkalýðsfélaga og sambanda, sem slíkar samúðaraðgerðir eiga að styrkja, eru hafnar og ekki boðaðar með minni fyrirvara en tveimur vikum og falla úr gildi um leið og þeim er aflýst. Framkvæmd slíkra samúðarvinnustöðvana skal vera svo sem segir í síðari hluta liðs 8.10.2. hér að framan. Ákvæði þessa liðs (8.10.) halda gildi sínu þrátt fyrir uppsögn samnings, uns nýr samningur hefur verið gerður.

9. Kafli. Gildistími og lokaákvæði.

9.01. Samningur þessi gildir frá 1. Desember 2000 til 30. nóvember árið 2004 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

Komi til þess að nefnd Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem fjallar um forsendur kjarasamninga nái samkomulagi um breytingu á launalið samnnga eða að launaliðir kjarasamninga séu uppsegjanlegir í árlegri athugun

sinni árin 2002 og 2003 skal sama gilda um þennan samning.

9.02. Samningur þessi skal borinn undir atkvæði þeirra starfsmanna Sementsverksmiðjunnar hf. sem starfa skv. samningnum í sameiginlegri atkvæðagreiðslu. Samningurinn skoðast samþykktur hafi gagnaðila ekki verið tilkynnt um annað kl. 12.00 föstudaginn 22. janúar nk.

Akranesi, 8. Janúar 2000,

F.h. hlutaðeigandi verkalýðsfélaga

*Jens H. Ragnarsson  
Guðmundur Einarsson  
Ingibergur Jónsson  
Guðjón V. Guðjónsson  
Grímur Björnsson  
Erla Hjörleifsdóttir  
Jón Jónsson*

F.h. Samtaka atvinnulífsins  
vegna Sementsverksmiðjunnar  
h.f.

*Hannes G. Sigurðsson  
Gylfi Þórðarson  
Tómas Runólfsson*

Fylgiskjal 1.

VAKTATAFLA 5 VAKTIR



Fylgiskjal 1, frh.

Það sem á vantar árleg vinnuskil skv. þessari vaktatöflu er verksmiðjunni heimilt að nýta með starfsmönnum til funda, fræðslu og þjálfunar. Slík starfsemi má svara til tveggja tíma á undan kvöldvakt eða í framhaldi af dagvakt í mánuði hverjum frá og með september til maí skv. nánara samkomulagi deildarstjóra og trúnaðarmanns. Með því teljast vaktavinnumenn hafa að fullu skilað umsömdum vinnutíma.

## Fylgiskjal 2.

### SAMKOMULAG

#### UM FRAMKVÆMD KALLVAKTA MÁLMÍÐNAÐARMANNA OG RAFVIRKJA.

1. gr. Kallvaktir eru utan venjulegs vinnutíma, eina viku í senn.
2. gr. Á kallvakt skulu vera:
  - a) Einn rafvirki.
  - b) Einn til tveir málmíðnaðarmenn skv. nánara samkomul.
3. gr. Vaktstjóri kallar út kallvaktarmenn.
  - a) Með símtali.
  - b) Með boðtæki og hafi þá kallvaktarmaður tafarlaust samband við vaktstjóra í síma.
4. gr. Verkefni kallvaktarmanna er að framkvæma störf sem rekstursins vegna geta ekki beðið næsta reglulegs vinnudags.
5. gr. Samfelld vinnulota á kallvakt verði ekki lengri en 13 stundir að jafnaði, hámark 16 stundir, og skulu kallvaktarmenn eiga 11 stunda hvíld frá vinnu og bakvakt að henni lokinni, hafi vinnulotan staðið samfelt í a.m.k. 13 stundir. Hlé á tímanum frá kl. 20.45 að kvöldi til 07.45 að morgni, sem er skemmra en 4 stundir milli útkalla telst ekki rjúfa vinnulotu að því er tekur til hvíldartíma skv. þessari grein. Áður en 13 stunda markinu er náð og séð verður að verkinu lýkur ekki innan 16 stunda hámarksins, skal þegar kalla út aðra menn. Þeir menn ljúki verkinu og gegni jafnframt kallskyldu út 11 stunda hvíldartíma kallvaktarmanna. Listi yfir þá menn, sem gefa kost á sér til slíkra útkalla og auka kallvakta, liggi frammi.

Eftir þeim lista skal farið eftir því sem við getur átt. Ef kallvaktarmaður er kallaður út áður en hann kemst af vinnustað í lok vinnudags, telst dagvinnan til þeirrar vinnulotu.

Leiðandi maður á kallvakt tilkynni vaktstjóra nöfn þeirra manna og þann tíma sem þeir gegna auka kallvakt vegna hvíldar kallvaktarmanna. Auka kallvaktarmenn kallist út með símtali.

6. gr. Sé kallvaktarmaður kvöld eða nótt fyrir vinnudag kallaður út á tímabilinu frá dagvinnulokum til kl. 04.45 að morgni, skal hann fá 11 klst. hvíld að loknu síðasta útkalli. Hafi útkalli sem hófst fyrir kl. 04.45 ekki lokið kl. 07.45 taka aðrir menn við störfum kallvaktarmanna, en þeir fá hvíld. Við dagvinnulok taki þeir við kallvakt að nýju. Séu kallvaktarmenn sem hlotið hafa 11 klst. hvíld kallaðir út eftir kl. 04.45 að morgni tengist það útkall dagvinnu dagsins.
7. gr. Eigi kallvaktarmaður skv. framansögðu rétt á hvíld hluta úr vinnudegi, ber honum að koma á vinnustað að hvíldartíma loknum. Séu þá tveir tímar eða skemmri tími til vinnuloka, þarf hann þó ekki að koma til vinnu nema sérstaklega kallaður.
8. gr. Aðilar eru sammála um að greiddur verði bifreiðarkostnaður fyrir hvert útkall samkvæmt taxta ríkisstarfsmanna, þ.e. að þeir starfsmenn, sem búa austan við Faxabraut, Stillholt fá greiðslu fyrir 5 km, en þeir sem búa vestan við þessar götur fá greiðslur fyrir 3 km. Tilskilið er að viðkomandi starfsmaður hafi aðgang að bifreið.

### Fylgiskjal 3.

#### Kaupaukar.

##### 1. Tveir kaupaukar fyrir hverja klst.

- 1.1. Vinna í kolakvörn.
- 1.2. Vinna við keðjur í ofni.
- 1.3. Vinna við brot og hreinsun innan úr ofni, reykögungum, reykholfi, filterum, ryksílóum, kolasílóum, sements-, olíu- og leðjugeymum. .
- 1.4. Vinna við stíflur, viðhald og hreinsun í kæli.
- 1.5. Vinna inni í kolamjölsvigt.
- 1.6. Vinna á kranaspori (langkeyrslu) í efnisgeymslu
- 1.7. Vinna inni í lestuðum kvörnum, kalkþurrkara og skotkötlum.
- 1.8. Vinna við hreinsun undir sementsgeymum.

##### 2. Einn kaupauki fyrir hverja klst.

- 2.1. Vinna í sementskvörn.
- 2.2. Vinna í hráefnakvörn.
- 2.3. Vinna inni í rafsíum og Lurgifilter (ekki nýsmíði).
- 2.4. Vinna inni í reykögungum (ekki nýsmíði).
- 2.5. Vinna við ofnhús- og efnisgeymsluþök.
- 2.6. Vinna við snigla og skúffulyftur.
- 2.7. Vinna uppi á Lurgifilter með filter í gangi.
- 2.8. Vinna í lest við uppskipun á lausu efni.
- 2.9. Vinna við hleðslu og sögun á steini.
- 2.10. Vinna við mokstur á lausu efni úr kjöllum.
- 2.11. Vinna í hæð utan vinnupalla.
- 2.12. Vinna við viðhald á kolaböndum.
- 2.13. Vinna við viðgerðir á dreifivirkjum sem verður að framkvæma undir spennu.
- 2.14. Vinna við síuskipti í loftblásurum.

##### 3. Tveir kaupaukar fyrir hvern byrjaðan 1/2 dag.

- 3.1. Vinna við að dýpka föls og glerja
- 3.2. Vinna við undirvagna farartækja utanhúss.
- 3.3. Vinna í kvarnarhúsi með kvarnir og kalkþurrkara í gangi.
- 3.4. Vinna við viðhald í efnisgeymslu- og kvarnahúskrana
- 3.5. Vinna við flokkun og lestun á kúlum.
- 3.6. Vinna við rykiblöndunartæki (frá skotkatli að kvörnum).

- 3.7. Vinna við skiptingu á forloftsröri.
- 3.8. Vinna við stíflur í sements- og leðjurörum.
- 3.6. Vinna við hreinsun á rykhring

Fylgiskjal 4.

Ráðningarsamningur.

## Fylgiskjal 5.

### Vinnutilhögun vaktavinnumanna í ofnstoppi.

Tvískiptar vaktir: Vaktamönnum er gegna skylduvakt er skipt í tvo hópa sem vinna síðan á tvískiptum vöktum 8.00 - 16.00 og 16.00 - 24.00. Í þessa tvo hópa yrði síðan bætt mönnum eftir þörfum.

Dagvinna: Vinnutími vaktavinnumanna á virkum dögum skal vera kl. 08.00 - 16.00 mánudaga - fimmtudaga, en kl. 08.00 - 12.00 á föstudögum. Neysluhlé skulu vera með sama hætti og hjá dagvinnumönnum.

## Fylgiskjal 6

### **Bókun**

Sementsverksmiðjan hf. mun greiða þeim starfsmönnum, sem láta af störfum 67 ára og hafa starfað hjá verksmiðjunni í 10 ár eða lengur, lífeyrisframlag sem svarar til iðgjaldshluta atvinnurekanda í jafnlangan tíma og vantar upp á 70 ára aldur, þegar þeir láta af störfum.



Fylgiskjal nr. 7**Bókanir með samningi frá 16. maí 1997.****Bókun  
um boðun starfsmanna flutningadeildar til starfa vegna skipakomu  
og lestunar á bifreiðum**

Sé starfsmaður flutningadeildar beðinn að vera reiðubúinn til starfa vegna skipakomu eða lestunar á bifreiðum á ótilsettum tíma ber honum kallvaktarþóknun samkvæmt lið 3.10 kjarasamnings fyrir tímunnar sem líður þar til hann kemur til vinnunnar.

**Bókun**

Með tilfærslu kranamanna úr 204 í 206 fellur niður yfirvinnutímaskrift vegna skeljasandsmoksturs. Komi í ljós að kranamenn verði fyrir tekjuskerðingu á ársgrundvelli vegna þessarar breytingar skulu þeir færast í flokk 207.

**Bókun**

Ef vaktavinnumaður tekur að sér forfallanæturvakt kl. 24.00 - 08.00 fær hann greidda aukagreiðslu sem svarar 2 klst. í yfirvinnu.

**Bókun með samningi frá 1. Desember 2000.****Bókun  
Meginreglur við afleysingar í stjórnstöð.**

Meginreglan við afleysingar í stjórnstöð er sú, að vaktstjóri leysir vaktstjóra af, en aðstoðarmaður leysir af aðstoðarmann.

Undantekningar eru frá þessari meginreglu:

Sú staða getur komið upp, að ekki náist í vaktstjóra/aðstoðarmann í forföllum til afleysingar samkvæmt meginreglunni og þarf þá að leysa það mál með öðrum hætti. Þá er og að jafnaði ekki mannskaður fyrir hendi yfir sumartímamann til að uppfylla meginregluna um afleysingar.

Í þeim tilvikum er vaktstjóri forfallast til lengri tíma, tekur verkstjórii framleiðslu ákvörðun um hver sinnir viðkomandi vaktstjórastöðu tímabundið.

